

## **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 29. desember 2017 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-38/2017.

### **I**

#### **Álitaefni og kröfugerð**

Þann 15. maí 2017 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á bifreið hjá Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi segir þjónustu seljanda ábótavant og krefst úrbóta eða endurgreiðslu á viðgerðarskostnaði.

### **II**

#### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 16. maí 2017, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust ekki. Með bréfi, dags. 22. september 2017, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

### **III**

#### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Álitsbeiðandi segir í álitsbeiðni að seljandi hafi gert við sjálfsskiptingu í bifreið hennar, af gerðinni Ford freestyle, þann 21. nóvember 2015. Bifreiðin er árgerð 2005 og er nú ekin um 98.000 km. Viðgerðin fór fram áður en álitsbeiðandi festi kaup á bifreiðinni en fyrrum eigandi greiddi 715.403 krónur fyrir viðgerðina.

Þann 21. apríl 2017 bilaði bifreiðin og fékk álitsbeiðandi þær upplýsingar frá verkstæði að sjálfsskiptingin væri biluð og kostnaðarsamt yrði að gera við hana. Álitsbeiðandi hafði í kjölfarið samband við seljanda og segir að seljandi hafi fullyrt að „hann sé aldrei með ábyrgð á svona viðgerðum og hann hafi ábyggilega sagt það við fyrri eiganda.“ Álitsbeiðandi segist hafa sagt við seljanda að ekkert standi um takmörkun á ábyrgð á greiðslukvittun. Þá hafi seljandi einnig sagt að hann væri hættur slíkum viðgerðum. Bifreiðin er að sögn álitsbeiðanda ónothæf í því ástandi sem hún er, enda ekki óhætt að aka henni.

Í tölvupóstsamskiptum aðila, sem lögð hafa verið fyrir kæruneftndina, segir seljandi að fyrrum eigandi bifreiðarinnar hafi ráðist í þessa viðgerð þrátt fyrir „ráðleggingar um annað“ og segir að hann beri aðeins ábyrgð gagnvart fyrri eiganda, sem hann átti í viðskiptum við. Þá tekur seljandi fram að mikið vandamál hefði verið í skiptingu bifreiða af þessari tegund.

Krefst álitsbeiðandi þess fyrir kæruneftndinni að seljandi taki ábyrgð á viðgerðinni og lagfæri sjálfsskiptinguna eða endurgreiði henni, sem núverandi eiganda bifreiðarinnar, viðgerðarkostnað að fjárhæð 715.403 krónur.

### **IV**

#### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Líkt og áður segir framkvæmdi seljandi viðgerð á sjálfsskiptingu bifreiðar álitsbeiðanda þann 21. nóvember 2015 en bifreiðin var þá í eigu fyrri eiganda sem greiddi 715.403 krónur fyrir viðgerðina. Sjálfsskiptingin bilaði svo aftur þegar álitsbeiðandi hafði fest kaup á bifreiðinni sem staðfest var hjá verkstæði þann 21. apríl 2017. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi bæti úr fyrri viðgerð sinni þar sem hún hafi verið ófullnægjandi eða endurgreiði sér viðgerðarkostnað.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (hér eftir nkpl.) getur neytandi borið fram gallakröfu á hendur fyrri söluaðila ef upphaflegur seljandi getur haft uppi samskonar kröfu. Ákvæði 4. mgr. mælir sérstaklega fyrir um heimild neytanda til að gera kröfu á hendur aðila, sem samkvæmt samningi við seljanda eða fyrri söluaðila, hefur framkvæmt vinnu við hlutinn. Telja verður að álitsbeiðandi geti haft uppi kröfu sína gegn seljanda á þeim grundvelli en fyrst verður að líta til þess hvort um galla sé að ræða samkvæmt neytendakaupalögum.

Í a-lið 1. mgr. 16. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 15. gr. en samkvæmt b-lið 2. mgr. 15. gr. skal söluhlutur hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Álitsbeiðandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að þjónusta seljanda hafi verið gölluð í skilningi laganna á þeim tíma sem fyrrum eigandi tók við bifreiðinni.

Seljandi gerði við sjálfsskiptingu bifreiðarinnar þann 21. nóvember 2015 og var kostnaður við viðgerðina verulegur, eða 715.403 krónur. Mátti álitsbeiðandi því gera ráð fyrir að sjálfsskipting bifreiðarinnar virkaði eðlilega lengur en raun varð, en aðeins um eitt og hálf ár leið frá viðgerð þar til að sjálfsskiptingin bilaði aftur, og liggur ekkert fyrir um það að álitsbeiðandi eða fyrrum eigandi beri ábyrgð á því að sjálfsskiptingin hafi bilað á ný. Álítur kærunefndin því að vinna seljanda við sjálfsskiptinguna hafi verið gölluð í skilningi a-liðar 1. mgr. 16. gr., sbr. b-liðar 2. mgr. 15. gr. nkpl.

Ef söluhlutur er gallaður getur neytandi krafist þess að seljandi bæti úr göllunum nema það valdi seljanda ósanngjörnum kostnaði eða ef hindrun er til staðar samkvæmt 29. gr. nkpl. Í gögnum málsins kemur fram að seljandi er hættur viðgerðarþjónustu og hefur ekki aðstöðu til viðgerða lengur. Er því ekki unnt að gera þá kröfu að seljandi bæti úr annmörkum á viðgerðinni. Þá er ekki unnt að fallast á kröfu álitsbeiðanda um endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar úr hendi seljanda, sem líta verður á sem skaðabótakröfu samkvæmt 33. gr. nkpl. Í því sambandi ber að taka mið af því að fyrrum eigandi og álitsbeiðandi höfðu afnot af bifreiðinni frá viðgerðardegi og þar til bilunin kom upp á ný. Viðgerðin hefur því að einhverju marki bætt úr þeim annmarka sem til stóð að bæta. Þá hefur ekki verið sýnt fram á það af hálfu álitsbeiðanda að hversu miklu leyti viðgerð seljanda muni nýtast fyrir þá viðgerð sem þarf nú að fara fram á sjálfsskiptingunni.

Í ljósi allra atvika málsins álítur kærunefndin að seljanda beri að greiða þriðjung viðgerðarkostnaðar á sjálfsskiptingu bifreiðarinnar samkvæmt framlögðum reikningi.

## V

### Álitsorð

Seljandi, Y, greiði þriðjung viðgerðarkostnaðar á bifreið álitsbeiðanda samkvæmt framlögðum reikningi.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hrannar Már Gunnarsson